

*Lestu meira, lestu betur
Hvað get ég gert?*

Hagnýt ráð fyrir foreldra
varðandi lestrarþjálfun.



Lesskilningur + lesfimi + orðaforði
+ korter á dag = lestrarfærni

Njarðvíkurskóli

2020-2021

Regluleg þjálfun skilar bestum árangri

Læsi í krafti foreldra:

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla. Foreldrar og aðstandendur verða að vera virkir í læsisuppeldi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri í lestrarfærni.

- * Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning.
- * Góð þjálfun verður aldrei ofmetin. Hún er grunnur læsis og því er mikilvægt að lesa daglega bæði í skóla og heima.
- * Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna, ekki aðeins með því að hlusta á þau lesa, heldur með því að tala við þau og örva þannig orðaforða þeirra og skilning.
- * Þegar barn les heima er mikilvægt að það hafi næði á meðan það æfir sig. Einnig er mikilvægt að ræða og útskýra textann sem lesinn er og athuga hvort barnið hafi skilið það sem það las eða það sem lesið var fyrir það.
- * Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá barninu og fylgist með lestrinum og leiðrétti þegar orð eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.
- * Nemendur sem eru að ná tókum á grunnfærni í lestri þurfa reglulega endurgjöf á heimalestur frá forráðamönnum og kennurum.
- * Til að viðhalda færninni þurfa nemendur að lesa reglulega, bæði upphátt og í hljóði.



Mikilvægar vefslóðir




Í Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska koma fram markmið og leiðir til að styðja við lestrarnám barna. Aðalnámskráin er aðgengileg á vef Mennta- og menningar- málaráðuneytisins á

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>



Lestrarstefna Njarðvíkurskóla 2020-2021 er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu Njarðvíkurskóla

<https://www.njardvikurskoli.is/is/nam-kennsla/lestrarstefna-skolans>



Viðtöl og myndbönd um læsi;

<https://www.lesummeira.is/>

Orð eru verkfæri hugsunarinnar

Pegar börn eru að byrja að lesa geta eftirfarandi leiðir verið hjálplegar.

- * Lesið textann saman í kór.
 - * Foreldri les eina línu fyrst og barnið þá næstu, þegar komið er niður síðuna er byrjað aftur og nú er skipt um hlutverk.
 - * Foreldri les síðuna og barnið á eftir.
 - * Barnið les síðuna fyrst og foreldri á eftir (hjálp barninu við lesskilning í upphafi).
 - * Ræðið saman um söguna að lestri loknum til að tryggja að barnið hafi skilið rétt.
 - * Að lesa upphátt fyrir barnið er ein besta leiðin til að vekja áhuga þess á lestri.
 - * Lesið eins oft með barninu og mögulegt er.
-
- * Lestrarnám tekur tíma og börn þurfa æfingu og stuðning til að ná góðri færni,
 - * Veljið heppilegan tíma fyrir lesturinn þegar ekki er von á truflun.
 - * Hvetjið barnið til að hlusta á eigin lestur. Hlustunin hjálpar því að heyra eigin mistök og lagfæra þau.
 - * Sýnið barninu að ykkur finnst bókin skemmtileg með því að sýna áhuga og spyrja spurninga.
 - * Að ræða við barnið um sögu eða bók hjálpar því að skilja efnið og tengja það við eigin reynslu. Það hjálpar líka við að auka orðaforða barnsins.

Hugmyndir af lestraraðferðum

Hljóðaaðferðin: Kenndir eru bókstafirnir í íslenska stafrófinu, hljóð þeirra og tákn. Fyrst eru kenndir nokkrir bókstafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar.

Samlestur: Ákveðið efni er valið og lesið saman. Unnið er með lykilhugtök, orð og orðmyndir. Samlestur eykur orðaforða og lesskilning.

Bergmálslestur: Foreldri/forráðamaður les og barnið les strax á eftir sama texta.

Leiðbeinandi lestur og stuðningur: Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir barnið. Barnið æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris. Að lokum les barnið textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja barnið áfram.

Orðhlutaleið (t.d. 100 alg. orðin): Barnið festir í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa orðin leiftursnöggt.

Raddlestur: Barnið les upphátt. Raddlestur þjálfar barnið í lestri, framsögn og hlustun.

Spil og leikir: Á yngstu stigum eru spil og leikir mikilvægar kennsluáðferðir til þess að þjálfar bókstafi, hljóð þeirra og tákn, orð og orðmyndir.

Kennsluforrit: Kennsluforrit eru góð til lestrarkennslu og þjálfunar - <https://mms.is/krakkavefir>

Hagnýt ráð - lesskilningur

Það er mikilvægt að barnið lesi ekki aðeins orðin í textanum heldur nái merkingu þess sem lesið er. Gott er að styðja við lesskilning barnsins með því að nota mismunandi lesskilningsaðferðir, s.s.:

- * tengja lesefnið við það sem barnið þekkir
- * hjálpa því að sjá fyrir sér það sem gerist í sögunni
- * draga fram lykilatriði
- * kenna barninu að lesa milli línanna
- * draga saman upplýsingar
- * ef rangt lesið orð hefur ekki áhrif á merkinguna, látið það óáreitt
- * ræða um hvað barnið sér búíð að lesa til að kanna skilning
- * gefa barninu tíma til að átta sig á um hvaða orð er að ræða
- * spyrja spurninga um leið og lesið er t.d. af hverju heldurðu að þetta hafi gerst? hvað heldurðu gerist/gæti gerst næst? hvers vegna gerist þetta?
- * er þetta rökrétt eða líklegt?
- * nota aðferðir við að átta sig á erfiðum orðum t.d.
- * skipta orðinu í minni hluta
- * hljóða sig í gegnum orðið
- * sleppa orðinu í bili og lesa áfram
- *

Ráð til að aðstoða barnið að hafa ánægju af lestri-

- * Leyfðu barninu að velja bækur sem það langar að lesa, jafnvel þótt þér þyki þær of léttar. Það styrkir sjálfstraust og gefur barninu kjark til að velja erfiðari bækur.
- * Hafðu ekki áhyggjur þótt barnið velji bækur sem fjalla um svipað efni. Vertu þess meðvituð/aður að það er að lesa sér til ánægju.
- * Allir hafa gaman að góðum sögum, lestu því fyrir barnið. Ef barnið hefur áhuga á sögunni en treystir sér ekki til að lesa hana þá er gott að þið lesið hana saman. Það getur aukið ánægjuna.
- * Lestur og skrift eru aðeins hluti af því að vekja áhuga barnsins á spennandi viðfangsefnum. Spilaðu við barnið skák, leystu með barninu krossgátur, spilaðu á spil og leikið saman tölvuleiki.
- * Vertu í sambandi við kennara barnsins. Ræddu við hann um stöðu barnsins í lestri og skrift og fáðu leiðbeiningar með hvaða hætti þú getir haft áhrif á að barnið þitt bæti sig í lestri.
- * Það er hægt að lesa margt annað en bækur t.d. leiðbeiningar um nýjan tölvuleik. Það er líka góð lestraræfing.
- * Vertu vakandi yfir áhugamálum barnsins og láttu áhuga á íþróttum og tónlist verða ástæðu til lestrar. Útvegaðu bækur og blöð sem fjalla um efni sem barninu þykir spennandi og skemmtileg.
- * Veraldarvefurinn er hlaðinn efni sem höfðar til barnsins. Að skrifa tölvupóst til vina og vandamanna er góð æfing. Gættu fulls öryggis og að foreldravörn sé virk.
- * Sýndu jákvæð viðbrögð daglega. Klapp á bakið, jákvæð örvun og hvatning gerir barnið þitt áhugasamari um lestur og skrift. Láttu barnið vita, hve stolt/ur þú ert af því

Hugmyndir af lestraraðferðum

Það er gott að lesa:

Lestrarlagið – Það er gott að lesa -

<https://www.youtube.com/watch?v=UMqi4FRTE4Y>

Að hlusta og lesa:

Hlustun á hljóðbók/tölvu/iPad samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <https://mms.is/> og á rafbókasafni Bókasafns Reykjanesbæjar.

Námshagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds